

*Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.*

# Jarðhiti í Ólafsfirði II

## Kvíabekkur og Hóll



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/045

Október 2011

## Inngangur

Í þessari greinargerð er yfirborðsjarðhita á Kvíabekk og Hóli í Ólafsfirði lýst.

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um jarðhita á Kvíabekk í Ólafsfirði.

Númer	Staðar-númer	Hiti °C	Rennsli l/s	Nafn	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
K-01		16,1	seytl	Kvíabekkur	Kvíabekkur	66° 00.997	18° 45.878
K-02		25,5	0,2-0,3	Bakkavallalaug	Kvíabekkur	66° 00.937	18° 45.955
K-03		26,6	0,5	Bakkavallalaug	Kvíabekkur	66° 00.936	18° 45.950
K-04		17,2	ekkert	Kvíabekkur	Kvíabekkur	66° 00.955	18° 45.961
HO-01		22,3	0,1-0,2		Hóll	66° 00.730	18° 45.965
HO-02		21,7	0,1		Hóll	66° 00.732	18° 45.956

Um 140 metra utan við Bakkavallaá er jarðhitavottur í skurðbakka ofan við þjóðveginn. Jarðhitinn kemur upp í efri skurðbakkanum skammt innan við ræsi sem lagt hefir verið í skurðinn. Skammt þar fyrir ofan er borhola KV-01 í grasflöt. Velgjan kemur upp á um eins metra kafla og mældist hæstur hiti 16,1°C en rennsli er hverfandi. (1. mynd)



1. mynd. Jarðhitastaður K-01 á Kvíabekk í Ólafsfirði.



**Kvíabekkur****K-02**

Um 20 metra neðan við þjóðveginn og í eyri utan við Bakkavalla á er Bakkavallalaug. Heitt vatn kemur upp í eyrinni og hefir verið hlaðið utan um hana að hluta. Hún er um einn metri í þvermál. Lækur rennur frá lauginni og er rennsli þar um 0,2-0,3 l/s. Hæstur hiti mældist 25,5°C og hvítar útfellingar á steinum eru áberandi. (2., 3. og 5. mynd)



2. mynd. Bakkavallalaug á Kvíabekk í Ólafsfirði. Kirkjan á Kvíabekk í baksýn.






3. mynd. Bakkavallalaug á Kvíabekk í Ólafsfirði.



Um þremur metrum innar í sömu eyri og alveg við ána er önnur laug með svipuðu útliti og K-02. Hiti mældist 26,6°C og rennsli metið 0,5 l/s. Hvítar útfellingar eru á steinum. (4. og 5. mynd)



4. mynd. Jarðhitastaður K-03 á Kvíabekk í Ólafsfirði.



5. mynd. Bakkavallalaug. Jarðhitastaðir K-02 og K-03 á Kvíabekk í Ólafsfirði.



**Kvíabekkur****K-04**

Ofan þjóðvegjar og um 30 metra utan við Bakkavallaá er leiruppkoma í deiglendi. Staðurinn er um 6-7 metra ofan vegar. Leiruppkoman er um 30 cm í þvermál og greinilegt uppstreymi er þar. Hiti mældist 17,2°C en rennsli er ekkert. (6. og 7. mynd)



6. mynd. Jarðhitastaður K-04 á Kvíabekk í Ólafsfirði.





7. mynd. Jarðhitastaður K-04 á Kvíabekk í Ólafsfirði. Kirkjan á Kvíabekk í baksýn.



**Hóll**

**HO-01**

Jarðhitinn kemur upp í gróinni malarurð. Augað er um 80 cm í þvermál. Hvítar útfellingar eru áberandi á steinum og brúnleitt slý. Nokkuð áberandi bólustreymi. Hæstur hiti mældist 22,3°C og rennsli metið 0,1-0,2 l/s. (8. og 9. mynd)



*8. mynd. Jarðhitastaður HO-01 á Hóli í Ólafsfirði.*





9. mynd. Jarðhitastaður HO-01 á Hóli í Ólafsfirði. Hólsbærinn í baksýn.



Hóll


HO-02

Um sex metrum utar er auga í mýri sem er um 30 cm í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum. Hæstur hiti mældist 21,7°C og rennsli metið minna en 0,1 l/s. (10. mynd)




10. mynd. Jarðhitastaður HO-02 á Hóli í Ólafsfirði.





11. mynd. Staðsetning yfirborðsjarðhita á Kvíabekki í Ólafsfirði.



12. mynd. Staðsetning jarðhita á Hóli í Ólafsfirði.